

Gjaldskrá

fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks í Garðabæ

1. gr.

Fjárhæð gjalds

Fargjald fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks, þ.e. fyrir fasta ferð eða tilfallandi ferð, skal miðast við hálf tölmennt strætisvagnafargjald eins og það er hverju sinni.- Ferð er skilgreind í gjaldskrá þessari sem akstur á milli tveggja staða, en ekki akstur fram og til baka. Framhaldsskólanemar eiga þess kost að fá árskort sem miðast við skólakort hjá Strætó.

2. gr.

Fylgdarmaður/Gestur

Sé þörf fyrir fylgdarmann með ferðþjónustu Strætó bs. er ekki innheimt gjald fyrir hann. Sé um að ræða gest sem nýtir þjónustuna innheimtir akstursaðili sama gjald fyrir hann og þann sem þjónustunnar nýtur. Gildir ekki í ferðir ef akstur er með leigubíl.

3. gr.

Gjaldskylda ónýttar þjónustu

Greiða skal fyrir pantaðar ferðir þegar forföll hafa ekki verið tilkynnt. Afpöntun ferðar skal vera með sem mestum fyrirvara, helst deginum áður en í undantekningartilvikum tveimur klukkustundum fyrir fyrirhugaða ferð. Að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri bæði gagnvart sveitarfélagi og notanda. Mæti notandi ekki á upphafsstað ferðar á tilsettum tíma telst ferðin einnig með í uppgjöri gagnvart sveitarfélagi og notanda.

4. gr.

Innheimta gjalds

Gjaldið er innheimt með greiðsluseðli um hver mánaðarmót. Allar ferðir umfram úthlutaðar ferðir eru greiddar að fullu af notanda.

5. gr.

Gildistaka

Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli 3. mgr. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. 5. gr. laga 37/2018.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var á fund bæjarráðs Garðabæjar 15. mars 2022 og tekur þegar gildi.

Garðabæ, 15. mars 2022

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.